



**Pure
Natura**
www.purenatura.is

PURE NATURA:

Íslensk framleiðsla sem hefur áhrif á líðan fólks um allan heim

Meiri orka, bætt minni, meira þol, aukinn blóðhagur o.fl. eru aðeins örfá dæmi um það sem fólk sem hefur skrifað um vörur íslenska fyrirtækisins Pure Natura á heimasíðu þess, en fyrirtækið framleiðir íslensk bætiefni úr hreinum íslenskum hráefnum, sem seld eru út um allan heim.

Vörur fyrirtækisins eru framleiddar úr íslenskum lambainnmat og kirtlum auk þess sem notaðar eru íslenskar jurtir í framleiðsluna. Vörulínan samanstendur í dag af fjórum vörum, en fyrirtækið vinnur nú að því í samstarfi við MATÍS, með fjármagni frá Tækniþróunarsjóði, að þróa fleiri vörur.

Vinsælasta varan: Pure Liver

„Vinsælasta varan okkar hefur verið Pure Liver, sem inniheldur lambalifur, birkiblöð, hvannafræ og fiflarót og gefur því góðan skammt af fjölmörgum vítamínum og steinefnum sem nauðsynleg eru fyrir efnaskipti og orkuframleiðslu, s.s. B-vítamín, járn og A-vítamín, sink, selen o.fl., á náttúrulegu formi sem líkaminn þekkir og kann að nýta sér. Jurtirnar eru svo bólgueyðandi, vatnslosandi og hreinsandi,“ segir Hildur Þóra, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

„Næstvinsælasta varan okkar er svo Pure Power en hún er orkuaukandi blanda og hentar öllum sem eru undir miklu álagi, bæði líkamlegu og andlegu. Pure Power inniheldur blöndu af lambalifur,

lambahjörtum, íslenskri burnirót og lífrænum hvítlauk.“

Hugsjónin vekur athygli

Eins og fram hefur komið selur fyrirtækið nú vörur sínar um allan heim, þótt enn sé framleiðslan á smáum skala, í gegnum vefverslun sína www.purenatura.is, vefverslun Amazon í Bandaríkjunum og dreifingaraðila í Bretlandi, Bandaríkjunum og Svíþjóð.

„Það virðist vera sem hugsjón okkar og hugmyndafræði veki athygli enda markmið okkar í stóra samhenginu að bæta heiminn. Við berum virðingu fyrir skepnunni sem nýtt er í framleiðsluna og viljum fullnýta afurðir hennar betur. Með því að taka aukaafurðir sem annars yrði hent og nýta þær á þennan hátt minnkum við einnig matarsóun og aukum verðmæti íslenskra afurða á sama tíma og við bætum heilsu og vellíðan viðskiptavina okkar,“ segir Hildur Þóra.

Ný vara sem er sérsniðin er fyrir karlmenn

Sigríður Ævarsdóttir, vöruþróunarstjóri fyrirtækisins, segist vera sérlega spennt fyrir næstu vöru sem fyrirtækið mun setja á markað en sú vara verður sérsniðin fyrir karlmenn. Í dag má nálgast vörur Pure Natura á Íslandi hjá sérvöldum söluaðilum sem finna má á vefsíðu Pure Natura og í öllum helstu heilsuvöruverslunum landsins.

Sjá nánar á purenatura.is



Fæðubótarefni og næring úr íslenskum fjallalömbum og handtíndum íslenskum jurtum